

Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs 19. október 2020

Mætt voru á fjarfund sem fór fram á Teams:

Anna María Gunnarsdóttir (AMG) frá Kennarasambandi Íslands

Björk Óttarsdóttir (BÓ), formaður stjórnar

Dana Rán Jónsdóttir (DRJ), umsýsluaðili Sprotasjóðs

Jón Torfi Jónasson (JTJ), skipaður af háskólastiginu

Sonja Dögg Pálsdóttir (SDP) frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu

Svandís Ingimundardóttir (SI) frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Eftirfarandi gestir frá stjórn Grunns mættu á fundinn:

Faney Dórothe Halldórsdóttir (FDH)

Helgi Arnarson (HA)

Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir (JDG)

Björk setti fundinn kl. 09:04 og Dana var fundarritari.

Stjórn Sprotasjóðs boðaði stjórn Grunns, félag fræðslustjóra og stjórnenda á skólaskrifstofum, á fund í þeim tilgangi að ræða hvernig Sprotasjóður getur stutt við skólaþróun á vettvangi og hvaða áherslusvið þau telji að muni nýtast best í ástandinu sem er í samfélagi okkar í dag.

Hvaða áherslusvið myndu nýtast best í dag?

Grunnur leggur til að áherslusvið Sprotasjóðs þetta árið verði samstarf milli sveitafélaga undir regnhlífinni Lærdómssamfélag þar sem að fyrirfram ákveðnum áherslusviðum verður sleppt, þ.e. að leyfa skólunum að hafa lausar hendur með áherslusvið verkefnanna sjálfra. Eftir að COVID-19 faraldurinn hófst er fólk búið að temja sér góða hæfni á fjarvinnu og því ætti í raun ekkert að standa í vegi fyrir meiri samvinnu milli landshluta. Stjórn Sprotasjóðs tók vel undir þessa hugmynd.

Sprotasjóður hefur áður lagt áherslu á samstarfsverkefni en þá voru einnig ákveðin áherslusvið sem að skólar þurftu að fylgja sem að mögulega settu takmörk á marga. Því þykir líklegt að þessi hugmynd skili af sér fleiri umsóknum í sjóðinn.

Hvernig styður Sprotasjóður við skólaþróun á vettvangi? Hvernig geta fræðslustjórar/skólaskrifstofur stutt við að skólar verði í samstarfi innan og milli svæði í umsóknum um styrk í Sprotasjóð?

Aðal markmiðið er ýta undir þróun í starfi og auka gæði umsókna. Til þess að ná því fram er talið að það þurfi meira af almennri kynningu á Sprotasjóði til hins almenna kennara. Skilvirkasta leiðin að því markmiði er að miðla upplýsingum til skólustjóra sem síðan sjá um að koma skilaboðunum áfram til síns starfsfólks.

Vangaveltur voru um það hvernig hentugast er fyrir skólana að mynda tengsl sín á milli. Mögulega er þægilegast ef skólar geti skráð sig inn á ákveðið svæði þar sem hægt er að sjá

yfirlit yfir verkefni sem aðrir skólar eru að vinna að. Einnig væri sniðugt að halda rafræna tengslaráðstefnu til þess að ná skólum í samstarf því margir skólar eru að velta vöngum yfir sömu hlutum en vita ekki af hvor öðrum. Þannig væri hægt að auka og koma af stað samstarfi milli skóla.

Samhliða þessu tvennu þarf að hafa ákveðinn vettvang þar sem sjóðurinn er kynntur. Stjórn Sprotasjóðs mun byrja á því að útbúa kynningarefni til þess að kynna sjóðinn fyrir stjórnendum skólanna og í framhaldi af því munu skólaskrifstofurnar sjá um að koma þessum upplýsingum áfram innan skólana með hríslunaraðferð.

Ákveðið var að stofna vinnuhóp með þremur fulltrúum úr stjórn Sprotasjóðs og tveimur fulltrúum úr stjórn Grunns. Þessi hópur mun sjá um að finna bestu lausnina við að kynna sjóðinn og koma upplýsingum á sem skilvirkastan hátt til kennara með því að setja upp verklag sem virkar sem hvati til þess að sækja um í sjóðnum. Einnig mun hópurinn sjá um skipulag, útfærslu og framkvæmd á rafrænu tengslaráðstefnunni.

Önnur mál

BÓ mun senda út fundarboð á Grunn varðandi áframhaldandi vinnu á þessum málum.

DRJ mun athuga hvort hægt sé að búa til undirsíðu á heimasíðu Sprotasjóðs þar sem að skólar geta haft samskipti vegna mögulegs samstarfs.

Fundi slitið kl. 09:49